



# Sjúkra- og slysatrygging

## Skilmáli S-2

Sjúkra- og slysatrygging veitir fjárhagslega vernd fyrir þann tryggða ef hann hlýtur varanlega læknisfræðilega örorku í kjölfar slyss eða sjúkdóms. Einnig veitir tryggingin vernd fyrir þann tryggða ef hann hlýtur tímabundna óvinnufærni vegna slysa eða sjúkdóma. Tryggingin greiðir jafnframt dánarbætur vegna slyss.

Um trygginguna gilda skirteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmála þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

## Skilgreiningar

**Félagið:** Vörður tryggingar hf.

**Hlutfallsregla:** Hlutfallsregla er reikniregla um samanlagða læknisfræðilega örorku. Hafi tjónþoli orðið fyrir líkamstjóni í eldra slysi eða áður metinn til læknisfræðilegrar örorku (miskastiga) skal hlutfallsreglu beitt. Sama gildir ef tjónþoli verður fyrir fjölværka í einu og sama slysinu. Byggir hlutfallsreglan meðal annars á því að ekki sé hægt að vera með meira en 100% varanlega læknisfræðilega örorku. Þegar hlutfallsreglu er beitt er metið með hvaða hætti mismunandi einkenni tjónþola verka saman og valda varanlegri læknisfræðilegri örorku.

**Slys:** Með orðinu „slys“ er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama þess, sem tryggður er, og gerist án vilja hans. Við meiðsli á útlimum og vegna tannbrota er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama tryggðs og gerist án vilja hans. Dánarbætur greiðast aðeins, sé slysið bein og eina orsök andláts tryggða.

**Varanleg læknisfræðileg örorka:** Bætur vegna læknisfræðilegrar örorku eru reiknaðar út frá læknisfræðilegu mati á því hversu mikið líkamlegt eða andlegt tjón er talið hafa hlotist af slysi. Tjónið skal meta samkvæmt töflu örorkunefndar um miskastig. Þegar fjárhæð bóta fyrir varanlega læknisfræðilega örorku er ákveðin skal litið til þess hvers eðlis og hversu miklar afleiðingar tjóns eru frá læknisfræðilegu sjónarmiði. Varanleg læknisfræðileg örorka skal metin til miskastiga og skal miða við heilsufar tjónþola eins og það er þegar það er orðið stöðugt og þegar læknir telur að frekari bata sé ekki að vænta. Varanleg læknisfræðileg örorka er óháð orsök líkamstjóns í hverju tilviki og við mat á henni er ekki tekið tillit til menntunar, starfs eða áhugamála þess sem orðið hefur fyrir líkamstjóni.

**Örorkunefnd:** Í örorkunefnd sitja þrjú aðilar sem skipaðir eru á grundvelli 10. gr. skaðabótalaga. Örorkunefnd semur töflu um miskastig. Í töflunni er metin skerðing á líkamlegri, og eftir atvikum, andlegri færni hjá einstaklingum sem orðið hafa fyrir líkamstjóni.

## 1. Kafli. Sjúkratrygging

### 1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur af völdum sjúkdóms sem tryggður fær og stafar ekki af slysi, eins og kemur fram á skirteini, enda leiði sjúkdómurinn til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku eða tímabundinnar óvinnufærni.

Bótaþættir sem tryggingin tekur til koma fram á skirteini.

Sjúkratímabil er það tímabil þegar stöðug óvinnufærni er fyrir hendi af völdum sjúkdóms, hvort sem einn sjúkdómur eða fleiri liggja til grundvallar óvinnufærni. Bætur fyrir tímabil þegar um einangrun í sóttkví er að ræða á heimili eða sjúkrahúsi að fyrir mælum heilbrigðisfyrivalda, greiðast á sama hátt og við sjúkdóm.

### 2. gr. Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku

- Ef fyrir liggjandi læknisfræðileg gögn benda til þess að tryggður hafi hlotið varanlegar afleiðingar vegna sjúkdóms, mun starfsfólk Varðar leggja mat á umfang þeirra með hliðsjón af miskatöflu örorkunefndar. Félagið getur aflað mats utanaðkomandi sérfræðings á afleiðingum sjúkdómsins telji starfsfólk félagsins tilefni til.
- Varanleg læknisfræðileg örorka lægri en 25% bætist ekki. Missir eða bæklun á útlím eða líffæri, sem var ónothæft fyrir sjúkdóm, gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Missir eða bæklun á útlím eða líffæri, sem áður var bæklað, skal metið til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir sjúkdóminn.

- Sjúkdómar sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyldir.
- Við ákvörðun örorku (læknisfræðileg örorka) er ekki tekið tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Örorkustig getur aldrei orðið meiri en 100%.
- Örorkan skal í fyrsta lagi metin einu ári eftir upphaf bótaskylds sjúkratímabils og eigi síðar en þegar greiðslum dagpeninga lýkur, sbr. 3. gr., með hliðsjón af ástandi hins tryggða þá.
- Félagið áskilur sér rétt til að beita hlutfallsreglu við mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku.
- Telji tryggður eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað en þó ekki lengur en í þrjú ár frá upphafi síðasta sjúkratímabils. Þótt gera megi ráð fyrir, að ástand tryggðs kunnri að breytast, skal örorka undantekningarlaust metin í síðasta lagi þremur árum frá upphafi síðasta sjúkratímabils. Í þessu tilfalli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir, að hún verði endanleg.
- Ef líkur eru til, að ástand tryggða megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við, án gildra ástæðna, að gangast undir slíkar aðgerðir, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér.
- Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðina, sem í gildi var við upphaf sjúkratímabilsins, sbr. 20. gr. skilmálans. Tryggingarfjárhæð í upphafi hvers tryggingartímabils kemur fram á skirteini.

### 3. gr. Bætur vegna tímabundinnar óvinnufærni

- Valdi sjúkdómur tryggðum tímabundinni óvinnufærni, sem nemur 50% eða meira, greiðir félagið dagpeninga í samræmi við þá fjárhæð sem í gildi er við upphaf sjúkratímabils, sbr. 20. gr. skilmálans. Dagpeningar greiðast í hlutfalli við óvinnufærni frá lokum biðtíma og svo lengi sem tryggður er óvinnufær að mati læknis, þó ekki lengur en í þann hámarksbótatíma sem kemur fram á skirteini. Með biðtíma er átt við það tímabil sem samkvæmt skirteini á að líða, áður en dagpeningagreiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.
- Stafi óvinnufærni tryggðs að einhverju leyti af öðrum orsökum en sjúkdómi, lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við hvern þátt þessar orsakir eiga í óvinnufærni.
- Félagið metur óvinnufærni og varanleika hennar á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.
- Bætur vegna óvinnufærni fyrir sama sjúkdóm eða sama sjúkdómstilfalli greiðast ekki lengur en í það tímabil sem kemur fram á skirteini. Sama gildir um sjúkdóma þar sem læknisfræðileg tengsl eru á milli.
- Ef styttra er á milli tveggja eða fleiri skyldra sjúkdómstilfella en nemur hámarksbótatíma á skirteini gildir sú regla að óvinnufærnitímabilin eru lögð saman og ekki eru greiddar bætur lengur en þann hámarkstíma sem fram kemur á skirteini.
- Ef nýtt óvinnufærnitímabil vegna sjúkdóms hefst innan tólf mánaða frá því að síðasta óvinnufærnitímabili lauk er enginn biðtími áður en greiðslur hefjast
- Bætur eru ekki greiddar samtímis fyrir óvinnufærni af völdum slyss og sjúkdóms.

### 4. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki:

- óvinnufærni sem tryggður verður fyrir á meðgöngutíma, við fæðingu eða fósturlát, nema því aðeins að óvinnufærni sé af völdum fylgikvilla meðgöngu. Í slíkum tilfallum er biðtími ekki skemmri en einn mánuður.
- sjúkdóm sem fyrst hafði sýnt einkenni, áður en tryggingin gekk í gildi, nema að félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistöku og veitt trygginguna þrátt fyrir það.

## 2. Kafli. Slysstrygging

### 5. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur vegna slyss er tryggður verður fyrir, eins og kemur fram á skirteini enda leiði það til:

- Varanlegrar læknisfræðilegrar örorku
- Tímabundinnar óvinnufærni
- Stuðningsleyfi vegna ofbeldis í nánu sambandi
- Tannbrots
- Andláts

Bótaþættir sem tryggingin tekur til koma fram á skirteini. Tannbrot er eingöngu innifalið í tryggingunni þegar örorkubætur eru tilgreindar sem bótaþáttur.

Til viðbótar greiðir tryggingin bætur vegna tímabundinnar óvinnufærni í kjölfar ofbeldis í nánu sambandi.

**6. gr. Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku**

- a. Ef fyrirliggjandi læknisfræðileg gögn benda til þess að tryggður hafi hlotið varanlegar afleiðingar vegna slyssins, mun starfsfólk Varðar leggja mat á umfang þeirra með hliðsjón af miskatöflu Örorkunefndar. Félagið getur aflað mats utanaðkomandi sérfræðings á afleiðingum slyssins telji starfsfólk félagsins tilefni til.
- b. Tryggður skal óska eftir mati Varðar í samræmi við a-lið 6. gr. eigi síðar en þremur árum frá slysdegi, að öðrum kosti fellur réttur hans til bóta samkvæmt tryggingunni niður.
- c. Valdi slys tryggðum varanlegri læknisfræðilegri örorku innan þriggja ára frá því slysið varð, greiðast bætur á grundvelli tryggingarfjárhæðar á slysdegi sbr. 20. gr. skilmálans.
- d. Örorkuna skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflu Örorkunefndar um miskastig, sem er í gildi þegar örorkumat fer fram. Sé áverka hins tryggða ekki getið í töflu Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunni. Örorka getur aldrei orðið meiri en 100%.
- e. Slys, sem einungis valda lýti, eru ekki bótaskyld.
- f. Við ákvörðun örorku (læknisfræðileg örorka) er ekki tekið tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu.
- g. Örorka er metin í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða eða þegar lækni telur varanlegar afleiðingar slyssins hafa komið í ljós en þó aldrei síðar en þremur árum eftir slysið. Telji sá slasaði eða félagið að örorkan gæti breyst, getur hvor aðili um sig, farið fram á að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi. Þótt gera megi ráð fyrir, að ástand hins slasaða kunni að breytast, skal örorka undantekningarlaust metin í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfalli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg.
- h. Hvor aðili um sig getur krafist nýs örorkumats að liðnu einu ári frá því að hið fyrra fór fram, á eigin kostnað. Hinum tryggða er þá skylt að láta lækni tilnefndan af félaginu skoða sig. Ef hinn tryggði færir undan þessari skyldu, getur félagið tekið fyrir greiðslu til hans, þar til skoðun hefur farið fram.
- i. Félagið áskilur sér rétt til að beita hlutfallsreglunni við mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku.
- j. Ef líkur eru til, að ástand hins slasaða megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigir sér við, án gilda ástæðna, að gangast undir slíkar aðgerðir, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér.
- k. Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæð þá, sem í gildi er á slysdegi sbr. 20. gr. skilmálans.

**7. gr. Bætur vegna tímabundinnar óvinnufærni**

- a. Valdi slys tryggðum tímabundinni óvinnufærni, greiðir félagið dagpeninga í samræmi við þá fjárhæð sem í gildi var á slysdegi.
- b. Dagpeningarnir greiðast í hlutfalli við óvinnufærni frá lokum biðtíma og svo lengi sem tryggður er óvinnufær að mati lækni, þó ekki lengur en í þann hámarksbótatíma sem kemur fram á skirteini og ekki fyrir tímabil að loknum 3 árum frá slysdegi. Með biðtíma er átt við það slysatímabil sem samkvæmt skirteini á að liða, áður en dagpeningar hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.
- c. Stafi óvinnufærni slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu, lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í óvinnufærninni.
- d. Félagið metur óvinnufærnina og varanleika hennar á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna, sem fyrir liggja.

**8. gr. Stuðningsleyfi vegna ofbeldis í nánu sambandi**

- a. Valdi ofbeldi í nánu sambandi því að tryggður þurfi að leita skjóls og hafi því ekki tök á að sinna vinnu sinni greiðir tryggingin dagpeninga til tryggðs samkvæmt fjárhæð á skirteini allt að 2 vikur án biðtíma. Afhenda þarf staðfestingu frá þeim fagaðila sem leitað var til í kjölfar ofbeldis. Á staðfestingunni þarf að koma fram hvenær leitað var fyrst til fagaðila, að tryggður dvelji í athvarfi eða sé í framhaldsaðstoð hjá fagaðila. Bætur samkvæmt þessu ákvæði greiðast einu sinni á meðan tryggingarsambandinu varir, án tillits til fjölda endurnýjana.
- b. Bætur sem greiddar eru samkvæmt a-lið 8. gr. takmarka á engan hátt rétt félagsins til að hafna eða skerða bótaskyldu vegna annarra óskyldra tjónsatburða, t.d. ef í ljós kemur að tryggður hafi veitt félaginu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við töku tryggingarinnar. Að sama skapi skerðir bótageiðsla samkvæmt a-lið ekki rétt félagsins til að segja upp tryggingunni komi síðar í ljós að tryggður hafi veitt félaginu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við töku tryggingarinnar.

**9. gr. Bætur vegna tannbrots**

- a. Tryggingin greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum, sem brotna eða laskast við slys, þó ekki vinnuslys sbr. lög um almennatryggingar eða brot, sem ber að höndum, þegar tryggður matast.
- b. Geiðsla félagsins takmarkast þó við 5% af grunntryggingarfjárhæð örorku vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á einu tryggingarári við 7,5% af sömu fjárhæð.
- c. Tryggingin greiðir aðeins þau tanntjón sem ekki fást greidd af öðrum aðila, t.d. Tryggingastofnun ríkisins skv. lögum um slysatryggingar nr. 112/2008 og reglugerð nr. 451/2013 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar.

#### 10. gr. Bætur vegna andláts

- Látist tryggður af völdum slyss innan eins árs frá slysdegi, er greitt til maka sú fjárhæð, sem tilgreind er á skirteininu og var í gildi á slysdegi, að frádregnum bótum fyrir varanlega læknisfræðilega örorku, sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss. Sé maki ekki til staðar greiðast dánarbætur til erfingja samkvæmt erfðalögum nr. 8/1962 eða erfðaskrá. Ef dánarbætur eiga að greiðast öðrum þarf tryggður að tilnefna hann sérstaklega með skriflegum hætti. Í slíkum tilfellum er réttthafinn tiltekinn á skirteini.
- Látist tryggður af völdum slyss þegar meira en ár er liðið frá slysdegi, en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast bætur samkvæmt bráðabirgðaörorkumati.
- Dánarbætur vegna slyss greiðast því aðeins ef slysið er bein og eina orsök þess að tryggður deyr. Félagið á rétt á því að hinn látni verði krufinn til þess að leidd verði í ljós dánarorsök eða annað sem máli gæti skipt um bótaábyrgð félagsins.

#### 11. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki:

- tjón eða örorku sem rekja má til slysa sem áttu sér stað fyrir gildistöku tryggingarinnar eða eftir að tryggingin féll úr gildi.
- slys, sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Með íþróttum er hér átt við einstaklings- eða liðsíþróttir sem æfðar eru reglulega undir leiðsögn þjálfara á vegum félaga eða samtaka sem hafa íþróttakeppni að tilgangi.
- slys, sem verða við að klífa fjall, í bjargsigi, hnefaleikum, hvers konar glímu- og bardagaíþróttum, akstursíþróttum, drekaflugi, fallhlífarstökki, froskköfun, teygjustökki og/eða íþróttum eða athöfnum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar framangreindu.
- slys, sem verða í hvers kyns flugi, nema tryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila, sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
- tjón sem stafa af brjóskslosi, þursabiti (lumago ischias), slitgigt eða hvers kyns öðrum gigtarsjúkdómum, jafnvel þótt slys verði talin sönnuð orsök.

Sumar af þeim áhættum sem undanskildar eru samkvæmt þessari grein er þó unnt að innifela í tryggingunni með áritun á skirteinið og greiðslu viðbótariðgjalds.

#### 12. gr. Meðorsakir

Ef sjúkdómur, veiklun eða sjúklegt ástand tryggðs eru meðorsakir andláti hans, greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir, hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð, eða skapaðist síðar, án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi, sem tryggingin nær til.

### 3. Kafli. Almenn ákvæði

#### 13. gr. Hver er tryggður?

Tryggður er sá aðili sem tilgreindur er á skirteini.

#### 14. gr. Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.
- Sjúkratryggingin gildir í allt að sex mánuði frá brottfarardegi frá Íslandi, nema um annað sé samið og slíkt áritað á skirteini.

#### 15. gr. Aldurstakmörk

- Um er að ræða samsetta tryggingu sem innifelur bæði sjúkratryggingu og slysatryggingu. Sjúkratryggingin fellur úr gildi á endurnýjunardegi þegar tryggður hefur náð 67 ára aldri nema öðruvísi sé um samið og tiltekið sé á skirteini. Eftir það á bótasvið kafila 1 ekki við um trygginguna. Slysatryggingin fellur úr gildi á endurnýjunardegi á því ári sem tryggður nær 75 ára aldri.
- Börn yngri en 16 ára eru ekki tryggð gegn tímabundinni óvinnufærni og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nemur útfararkostnaði.

Sé tryggður 70 ára eða eldri eru hámarksbætur úr slysatryggingunni eftirtaldir hundraðshlutar af tryggingarfjárhæð.

Aldur	Hlutfall bóta
70 ára	80%
71 árs	60%
72 ára	40%
73-74 ára	20%

**16. gr. Almennar undanþágur frá bótaskyldu**

Tryggingin bætir ekki slys eða sjúkdóma:

- sem tryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.
- vegna ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.
- sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun og neyslu eitur- eða nautnalyfja.
- vegna eitradra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja tryggðs.
- af völdum hryðjuverka vegna hvers konar efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. sýkla og veira.
- af skordýrabiti eða stungu.
- af völdum neyslu áfengis, ávana og fíkniefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna.

**17. gr. Ráðstafanir vegna slyss**

Slasaða ber að leita læknis strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis. Tilkynna skal slys þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða.

Þegar slys ber að höndum, er félaginu heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða tryggðan, svo og afla sér upplýsinga um fyrria heilsufar tryggðs. Félagið greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við tryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins. Nauðsynleg vottorð teljast vera áverkavottorð, vottorð um óvinnufærni og lokavottorð meðferðarlæknis. Samþykki félagsins þarf fyrir öflun annarra vottorða.

**18. gr. Breytingar á áhættu**

Sé tiltekið á tryggingarskírteini að tryggður sinni tilteknu starfi og sá starfsvettvangur breytist ber tryggingartaka/tryggðum að tilkynna félaginu það án tafar. Við slíkar aðstæður er félaginu heimilt að hækka iðgjald frá þeim tíma er áhættubreytingin varð.

Hafi félaginu ekki borist tilkynning skv. 1. mgr. í síðasta lagi við greiðslu fyrsta iðgjalds eftir áhættubreytinguna og leiði vanrækslan til þess að iðgjald verður ekki hækkað, lækkar ábyrgð félagsins hlutfallslega sbr. 88. gr. vsl.

**19. gr. Gjaldþagi bóta**

Tryggður, eða sá sem rétt á til bóta getur krafist greiðslu þeirra 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til þess að kanna ábyrgð sína og ákveða fjárhæð bótanna sbr. 121. gr. vsl.

**20. gr. Vísitölubinding bótafjárhæða – aldurstenging iðgjalds**

Tryggingarfjárhæðir í þessari tryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir og samsvarandi iðgjald því samkvæmt vísitölu neyslulverðs við hverja endurnýjun þessarar tryggingar. Iðgjald sjúkratryggingar hækkar við hverja endurnýjun í samræmi við aldur tryggðs.

Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli tryggingarfjárhæða á slysdegi en breytast með vísitölu neyslulverðs á grundvelli verðlags í byrjun næsta mánaðar á undan eins og hér segir:

- Dánarbætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi til dánardags.
- Örorkubætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi eða upphafi sjúkratímabils til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorku varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi eða upphafi sjúkratímabils.
- Dagpeningar breytast á hverjum tíma í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi eða upphafi sjúkratímabils.

Skilmálar þessir gilda frá 05.03.2026